

Borgarstjórn
3. september 2019

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um hönnunarsamkeppni um nýja leik- og grunnskóla í Skerjafirði og Vogabyggð

Borgarstjórn samþykkir að efna til hönnunarsamkeppni um nýja leik- og grunnskóla í Skerjafirði og Vogabyggð svo fljótt sem verða má eftir nauðsynlegan og vandaðan undirbúning. Umhverfis- og skipulagssvið hafi forystu um skilgreiningu á keppnislýsingu og forsendum í samráði við skóla- og frístundasvið.

Greinargerð:

Nýtt hverfi, Vogabyggð, byggist nú upp við Elliðaárvoga. Skipulagsvinna er einnig langt komin fyrir fyrsta áfanga að nýju hverfi í Skerjafirði. Með mikilli fjölgun íbúða í Skerjafirði og uppbyggingu Vogabyggðar verða til skólahverfi sem kalla á uppbyggingu leik- og grunnskóla í báðum hverfum sem þarfnast undirbúnings.

Fyrstu skrefin verða tekin undir forystu umhverfis- og skipulagssviðs og skóla- og frístundasviðs með undirbúningi og framkvæmd hönnunarsamkeppni um leik- og grunnskólabygginga. Til undirbúnings telst val dómnefndum, skilgreining á keppnislýsingu og forsendum, ítarlegu mati á staðsetningu, þörfum nemenda og starfsfólks og traustum nemendaspám. Við framkvæmd keppnanna verði samráð haft við Arkitektafélag Íslands.